

Hámarkshraði ökutækja, annarra en bifreiða, sem draga tengi- eða festivagna, skal vera 80 km á klst.

Hámarkshraði bifreiða, sem draga tengi- eða festivagna, skal vera 60 km á klst.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 50. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, sbr. 7. gr. laga nr. 62 13. maí 1966, öðlast gildi 26. júní 1966.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. júní 1966.*

**Jóhann Hafstein.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## AUGLÝSING

### um hámarkshraða á þjóðvegum um Selfoss.

Hámarkshraði á Suðurlandsvegi frá ristarliði vestan við Selfoss að vegamótum við Gaulverjabæjarveg (sbr. lið II. B. í auglýsingu nr. 124/1960) skal vera 45 km. á klst.

Hámarkshraði á Eyrarbakkaavegi frá vegamótum við Suðurlandsveg að vegamótum við ræktunarveg sunnan við Selfoss (sbr. lið III. B. í auglýsingu nr. 124/1960) skal vera 45 km á klst.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 50. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, sbr. 7. gr. laga nr. 62 13. maí 1966, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. júní 1966.*

**Jóhann Hafstein.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## REGLUGERÐ

### um barnavernd í Hafnarkauptúni í Hornafirði.

#### 1. gr.

Í Hafnarkauptúni í Hornafirði er börnum og unglingum innan 15 ára aldurs bannað að vera úti á almannafæri eftir kl. 21.00 að kvöldi á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, nema í fylgd með foreldrum eða öðrum forráðamönnum. Þó er þeim heimilt að sækja skemmtanir skóla og æskulýðsfélaga undir umsjón foreldra eða fulltrúa þeirra.

Óheimilt er þeim og á sama tímabili aðgangur að kvöldsýningum kvikmyndahúsa og öðrum skemmtunum, nema í fylgd foreldra eða forráðamanna.

Foreldrum og forráðamönnum barna og unglunga ber að sjá um, að ákvæði þessu sé hlýtt.

#### 2. gr.

Unglingum innan 15 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, is-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 21.00 að kvöldi á tímabilinu frá 1.